

Sp. 347. Tillaga til þingsályktunar

um skylduvinnu.

Flm.: Jón Pálmason.

Sameinað Alþingi ályktar að kjósa þrjú manna nefnd til að undirbúa fyrir næsta þing löggjöf um skylduvinnu.

Greinargerð.

„Vinnan er móðir auðæfanna“, segir gamalt spakmæli, sem felur í sér óræk sannindi. Hver einstaklingur, hvert smáfélag og hver þjóð byggir fjárhag sinn og velferð sína á því, að sá kraftur, sem við nefnum vinnuafli, sé notaður vel

og á réttan hátt. Það hefir því mikla þýðingu, að allir vinnufærir menn, konur sem karlar, ungir og gamlir, hafi nægilegt verkefni að vinna, bæði til þess að sjá fyrir lífsþörfum sínum og sinna, og eins til hins, að skapa verðmæti, er öðrum geti jafnframt orðið að gagni. Öllum mönnum með heilbrigðri hugsun kemur líka saman um það, að atvinnuleysi sé bölg, er verki til niðurdreps, eigi aðeins þeim, sem fyrir því verða, heldur og allri viðkomandi þjóð.

Í okkar fátæka og strjálhýla landi hefir lengst verið um það talað, að eitt okkar mesta bölg væri fámennið. Fámenni og fátækt hefir af flestum verið lagt að jöfnu sem undirrót ógæfunnar hjá okkur Íslendingum. Þetta er eðlilegt og réttmætt, því fólkið sjálft er dýrmætur auður, og því fleira sem það er, þess meiri líkur eru til, að viðkomandi þjóðfélag geti orðið farsælt og ríkt. Þetta er þó þeim takmörkunum háð, að lífsskilyrðin séu eigi að fullu notuð í viðkomandi landi.

Nú hefir sú gleðilega framför orðið í okkar þjóðfélagi á þeim riflega þriðjungi, sem liðinn er af 20. öld, að þjóðinni hefir fjölgað um nokkra tugi þúsunda. Hún ætti þess vegna að vera færari sem heild að standast baráttu lífsins og verða farsæl þjóð. Eins og stendur virðist þó svo, að þessi framför ætli eigi að rætast eins og ætla mætti og vonir hafa staðið til, því það undarlega hefir skeð, að atvinnuleysi hefir gripið svo um sig nú þegar, að sumir forráðamenn þjóðarinnar á Alþingi hafa haft orð á því að hindra fjölgun fólksins með löggjöf til að minnka atvinnuleysi. Hefir þegar eigi verið látið lenda þar við orðin ein.

Að hér sé atvinnuleysi, er í sjálfu sér mjög óeðlilegt fyrirbrigði, því lífsskilyrði okkar góða lands eru svo mikil, að hér gæti áreiðanlega lifað miklu fjölmennari þjóð, ef þau væru notuð rétt. Verkefnið blasa við á öllum sviðum og biða þess, að vitsmunir og vinnandi hönd taki þau til meðferðar til að skapa þann arð, er geti orðið undirstaða heilbrigðara lífs fyrir fleira og fleira fólk. Þegar þessa er gætt, þá er hörmulegt til þess að vita, að þúsundir fólks skuli ganga iðjultíð eða iðjulaust lengri og skemmri tíma á hverju ári, og jafnvel spilla heilsu sinni með óhollum lífnaðarháttum. Það er og hörmulegt að sjá fram á það, að fjöldi manna verður annara þurfamenn undir eins og eitthvað ber út af, jafnvel þó eigi sé annað en að það eðlilega lífsins lögmál geri sig gildandi, að 1 eða 2 afkvæmi komi til sögummar. Jafnhliða vantar fjölda af fólki til að vinna nauðsynleg framleiðslustörf í sveitum okkar lands, þar sem mest er af ónotuðum lífsskilyrðum og umbótastörfin eru ekki unnin af því enginn er til að vinna þau. Að slíkt skuli geta átt sér stað, sýnir, að hér ríkir ægilegt öfugstreymi í félagslífi, stjórnarferi eða menningu, ef eigi á öllum þeim leiðum.

Það er því víst, að þeir menn, ef einhverjir eru, sem halda, að atvinnuleysi í okkar landi sé og hljóti að verða örlagabyrði, sem enginn fái við ráðið, þeir fara villir vegar. Hitt er annað mál, að þegar svo er komið, að raskazt hefir eðlilegt samræmi í atvinnulífi þjóðarinnar, þá er hægra sagt en gert að kippa því í lag, sem aflaga fer. Það verður heldur eigi gert án þess að einhverjum sviði, enda er það svo jafnan um áhrifasterkar lækniáðgerðir, að þær eru venjulega sárar, og eins mun vera um allar áðgerðir á þjóðfélagslegum meinsendum. Lækninguna verður þó að gera, ef okkar þjóðfélag á að geta starfað og orðið sjálfstætt og sterkt. Hvernig lækningin á að vera, getur menn greint á

um, og ræður í því efni stefnumunur og sitthvað annað. Um eitt ættu menn þó allir að geta verið á einu máli, og það er, að allt vinnandi fólk eigi að hafa verkefni til að vinna, helzt allan ársins bring. Hitt hefir og mikla þýðingu, að vinna gegn þeim hugsunarhætti, að farsæld lífsins sé undir því komin fyrst og fremst að njóta sem mestra nautna og lífspæginda, því vitanlega verður þjóðin að skilja, að takmark lífsins er ekki í því fólgið, heldur í frelsi og sjálfstæði og heilbrigðri menningu. Að fullnægja frumþörfum lífsins, þeim, að hafa föt, fæði og húsnæði svo viðunandi sé, verður fólkið að láta sér nægja. Allt kapp um yfirlæti í þeim efnum, er óþarft og leiðir til lítilla nytja.

En hvað á nú að gera við allan þann vinnukraft, sem eigi gengur út? Sú spurning heimtar svar, því það eitt er víst, að um vaxandi fjölda verður að ræða, ef áfram er haldið á sömu leið sem nú. Það getur heldur eigi gengið til lengdar, að ríkið haldi uppi vaxandi opinberum framkvæmdum til að skaffa vinnu við því kaupgjaldi, sem nú er. Ef til vill er um margar leiðir að velja og ýmislegt getur komið til álita, en einna næst liggur að setja á fót skylduvinnu í stórum stíl, þ. e. þegnskylduvinnu og atvinnubótavinnu.

1. **Þegnskylduinna** er gömul hugmynd, eins og kunnugt er, og flutt á Alþingi af Hermanni sál. Jónassyni á Þingeyrum. Á þeim tíma var framkvæmd þeirrar hugmyndar ótímabær með öllu, enda fékk hún frekar lítið fylgi. Ég hefi fram á síðustu ár verið andvígur þegnskylduvinnu, af því að mér fanust ekki nauðsynleg sú skerðing á frelsi, sem hún hefir í för með sér, af því einstaklingarnir hafa haft nóg að vinna við almenna framleiðslu og önnur störf.

Nú eru þessi viðhorf gersamlega breytt, eins og þegar hefir verið dregið á, og sú breyting verður áreiðanlega meiri og hefir alvarlegri afleiðingar eftir því sem lengra líður, eins og nú horfir við. Afstaða mín til þessa máls hefir líka breytzt, því ég tel mér skylt að hika aldrei við að breyta fyrri skoðunum, þegar aðstæður breytast og ný viðhorf og nýjar upplýsingar koma fram. Það er líka svo, að margt, sem eigi átti við fyrir 30 árum, er sjálfsagt nú. Þegnskylduinna er hugsuð þannig, að allt ungt fólk á vissu aldursbili sé skyldað til að vinna hjá ríkinu ákveðinn tíma án annarar greiðslu en fæðis og fata meðan á vinnunni stendur.

2. **Atvinnubótavinna.** Almennt er lítið svo á, að sú atvinnubótavinna, sem nú er rekin, hafi marga meinlega galla. Viða mun unnið slælega og meira til að fá kaupið en til þess að gera fullt gagn. Borgun fyrir þessa vinnu er hinsvegar eins og annars tíðkast, og í hana kemst ekki nema nokkur hluti þess fólks, sem vantar vinnu. Öllu þessu verður að breyta, ef áfram verður haldið með atvinnubótavinnu. Allt fólk, sem ekki hefir aðra atvinnu, verður að fá aðgang og vera skyldugt til að vinna í atvinnubótavinnu. Eftirlit og stjórn verður að vera í lagi, en vel getur komið til mála, að daglegur vinnutími sé styttri en nú tíðkast, t. d. 8 tímar. Kaupið á að vera aðeins fyrir fötum og fæði.

Nú mundi margur vilja spyrja: Hvað á að gera við alla þessa vinnu? Og til hvers er að vinna?

Þar til er því að svara, að nóg verkefni eru til. Það á fyrst og fremst að vinna að ræktun og húsnæðingum til sveita, til að skapa heimili handa því fólki, sem vinnuna stundar, svo að það geti bjargað sér sjálft, það sem eftir er

æfinnar. Þar er stærsta verkefnið. Svo á að vinna að vegabótum, hafnargerðum, götulagningum í kaupstöðum o. fl., sem til gagns og prýði má verða. Einnig getur komið til mála að vinna við húsaþygingu í þeim kaupstöðum og þorpum, þar sem atvinnuskilyrði eru fyrir fleira fólk en þar er nú.

Yfirleitt á að hafa það fyrir augum frekar öllu öðru, að vinna að þeim umbótum, sem gefa arð og koma síðar í veg fyrir, að atvinnuleysi haldist áfram eða vaxi. Sé stefnt að því eftir ýrústu föngum, að sem allra flestir menn fái færi á því að framleiða sjálfir sínar og sinna þarfir, ef þeir vilja vinna og haga háttum sínum á skynsamlegan veg. Öll verkleg menning þjóðarinnar á að stefna að því, að einstaklingarnir geti bjargað sér sjálfir og kunni þau störf, sem þarf að vinna, hver í sinni framleiðslugrein. Þess er og vert að minnast í þessu sambandi, að það mundi hafa mikla þýðingu, að allir menn í landinu í sama aldursflokki séu einu sinni á æfinni ákveðinn tíma gerðir jafnir að rétti og skyldum, án alls tillits til þess, úr hvaða stétt þeir eru. Það er réttlæti, sem mundi verka vel á félagslegt samstarf hlutaðeigandi fólks síðar á æfinni.

Eins og nú standa sakir, þá kemur öllum saman um það, að ástand og horfur í þjóðfélaginu sé óþolandi. Að óbreyttum lifnaðarbáttum og stjórnárfari í fjármálalífi þjóðarinnar getur þetta því aðeins lagast, að einhver óvænt höpp heri að höndum. Verði það fyrr eða síðar, getur orðið óþarft að grípa til ráða, sem hér er vikið að. En tillaga mín er miðuð við það ástand, sem nú blasir við augum, og byggist á því, að allir fulltrúar þjóðarinnar hér á Alþingi vilji, án tillits til flokkságreinings, vinna að frambúðarendurbótum til að draga úr hverskonar vandræðum.

Nánar í framsögu.